



Fundur í hafnarnefnd

12. fundur hafnarnefndar haldinn að Fjarðarvegi 3 Þórshöfn föstudaginn 11. september 2020. Fundur var settur kl. 12:00.

Mættir voru: Halldór Rúnar Stefánsson, Árni Bragi Njálsson, Jónas Jóhannsson og Jónas Egilsson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og spurði hvort athugasemdir væru gerðar væru við fundarboð. Svo var ekki.

Fundargerð

1. Fundargerð 425. fundar Hafnarsambands sveitarfélaga 24. ágúst 2020

Fundargerðin lögð fram. Nefndin samþykktir að kalla eftir upplýsingum strandsvæðisskipulag.

2. Dýpkunar framkvæmdir í Þórshafnarhöfn

Blöð með mælingum á dýpt hafnarinnar, dags. 30. ágúst sl. og dýpkunum (magnbreytingum) frá fyrri mælingum 2019 lögð fram.

3. Hafnargarðurinn á Bakkafirði

Vegagerðin hefur ákveðið að bjóða út framkvæmdina að nýju, þar sem engin tilboð bárust í útboð í vor og framkvæmdir í sumar. Skv. nýjum útboðsskilmálum eru verklok áætluð um miðjan apríl 2021, þannig að verktími er rúmur.

4. Fjárhagsáætlunartillögur og framkvæmdir 2021-2024

Nefndin leggur til að farið verði í eftirtaldir aðgerðir á næsta ári og við gerð 3ja ára áætlunar.

1. Bakkafjarðarhöfn: Hafnarsvæðið skipulagt, snyrt og að nýr hafnarskúr verði settur upp.
2. Nefndin leggur til að umgengisreglur fyrir báðar hafnirnar verði endurskoðaðar og gisting verði m.a. ekki heimiluð á hafnarsvæðunum.

5. Önnur mál

1. Staðsetning olíubryggju á Þórshöfn.

Lögð fram teikning frá hafnarverði á Þórshöfn um staðsetningu. Formanni nefndarinnar falið að ræða við útgerðarmenn smábáta um flutning olíuafgreiðslu að norðaustur enda hafskipabryggju.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:48.